

Ed.

12. Frumvarp til laga

[12. mál]

um lausn deilu stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á íslenskum farskipum og eigenda íslenskra farskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á íslenskum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalls Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenskra loftskeytamanna, sem hófust 25. maí 1967.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 1. gr., skulu að því er varðar greiðslur farskipaeigenda til féлага í þeim starfsmannafélögum, sem um ræðir í 2. gr., gilda frá gildistöku laga þessara.

Að öðru leyti skulu samningar farskipaeigenda og nefndra starfsmannafélaga, dags. 3. september 1965, gilda, þar til gerðardómur fellur.

4. gr.

Laun gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu kjaraákvæði í úrskurði gerðardómsins gilda frá gildistöku þessara.

7. gr.

Lög þessi gilda þar til nýir samningar hafa tekizt milli farskipaeigenda og Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenskra loftskeytamanna, þó ekki lengur en til 1. nóvember 1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um lausn deilu stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á íslenskum farskipum og eigenda íslenskra farskipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgöngumálaráðherra hefur tjáð mér, að verkfall hafi staðið yfir hjá félögum í Stýrimannafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Félagi íslenskra loftskeytamanna frá 25. maí s. l. Hafi sáttatilaunir ekki borið árangur og ekki séu horfur á lausn deilunnar í bráð. Verkfall þetta hafi þegar valdið landsmönnum erfiðleikum og tjóni og vöruskorti víða um land og muni fyrirsjáanlega valda stórkostlegum truflunum og jafnvel stöðvun í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum landsmanna, verði framhald á því. Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á rekstri farskipanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á íslenskum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalls Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenskra loftskeytamanna, sem hófust 25. maí 1967.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 1. gr., skulu að því er varðar greiðslur farskipaeigenda til félaga í þeim starfsmannafélögum, sem um ræðir í 2. gr., gilda frá gildistöku laga þessara.

Að öðru leyti skulu samningar farskipaeigenda og nefndra starfsmannafélaga, dags. 3. september 1965, gilda, þar til gerðardómur fellur.

4. gr.

Laun gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu kjaraákvæði í úrskurði gerðardómsins gilda frá gildistöku degi laganna.

7. gr.

Lög þessi gilda þar til nýir samningar hafa tekizt milli farskipaeigenda og Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenskra loftskytamanna, þó ekki lengur en til 1. nóvember 1967.

Gjört að Bessastöðum, 16. júní 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.